

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2010

frá 30. apríl 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1087/2009 frá 12. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), súbtílisíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (ATCC 2107), og alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (ATCC 3978), sem fæðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, lögaðili er Finnfeeds International Limited) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1088/2009 frá 12. nóvember 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun ensímblöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sem fæðuraukefni fyrir smágrísi sem búið er að venja undan, eldissvín, alifugla sem eru aldir til slátrunar og alifugla sem eru aldir til að verpa (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp. Z.o.o.) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 frá 13. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fæðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Aveve NV) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 frá 16. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fæðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um leyfi fyrir nýrri notkun á þessari blöndu sem fæðuraukefni fyrir endur (leyfishafi er BASF SE) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1458/2005 ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 13, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 30, 10.6.2010, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3.

- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1088/2009 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/2009 ⁽⁶⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1458/2005):

„eins og henni var breytt með:

– **32009 R 1096:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 frá 16. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3).“
2. Brott falli texti liðar 1zzzzv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 270/2009).
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzzzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009):

„1zzzzzr. **32009 R 1087:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1087/2009 frá 12. nóvember 2009 um að leyfa ensímböndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), súbtilisíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (ATCC 2107), og alfáamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (ATCC 3978), sem fœðuaukefni fyrir eldiskjúklinga, endur og eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition, lögaðili er Finnfeeds International Limited) (Stjtið. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 4).

1zzzzzs. **32009 R 1088:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1088/2009 frá 12. nóvember 2009 um leyfi fyrir nýrri notkun ensímböndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 17594), sem fœðuaukefni fyrir smágrísi sem búið er að venja undan, eldissvín, alifugla sem eru aldir til slátrunar og alifugla sem eru aldir til að verpa (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd., umboðsaðili er DSM Nutritional Products Sp. Z.o.o.) (Stjtið. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 6).

1zzzzzt. **32009 R 1091:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 frá 13. nóvember 2009 um að leyfa ensímböndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-beta glúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fœðuaukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Aveve NV) (Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6).

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 3.

1zzzzzu. **32009 R 1096**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 frá 16. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), sem fæðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og um leyfi fyrir nýrri notkun á þessari blöndu sem fæðuraukefni fyrir endur (leyfishafi er BASF SE) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1458/2005 (Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1087/2009, 1088/2009, 1091/2009 og 1096/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.